



16. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í Fjölbrautaskólanum miðvikudaginn 12. október. Hófst hann kl. 20⁴⁵. Mættir voru: Jón Böðvarsson skólameistari, Ingólfur Halldórsson yfirkennari, Gunnar Sveinsson formaður, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson og Sigrún R. Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara.

I. Skólameistari upplýsti að Ingólfur Halldórsson hefði verið skipaður kennari við skólann og settur sem yfirkennari til eins árs frá og með 1. ágúst 1977.

Ennfremur hefðu eftirtaldir kennarar verið settir við skólann til eins árs frá og með 1. sept. 1977.:

Gerard Chinotti í hálfra stöðu

Sveinbjörg Haraldsdóttir í hálfra stöðu

Lilja Finnbogadóttir í heila stöðu

Ólaf Egisson í heila stöðu

Eftirtaldir kennarar hafa verið ráðnir sem stundakennarar að skólanum á haustönn:

Borgþór Arngrímsson

Garðar Oddgeirsson

Jóhanna Stefánsdóttir

Sturlaugur Björnsson

Sturlaugur Ólafsson

Vilhjálmur Grímsson

Þuríður Jóhannsdóttir

II. Þá upplýsti skólameistari einnig að fyrir skömmu hefðu komið í heimsókn í skólann þeir Stefán Ó. Jónsson deildarstjóri í verk- og tæknimenntunardeild menntamálaráðuneytisins, Þórir Sigurðsson námsstjóri hand- og myndíðar og Óskar Guðmundsson framkvæmdarstjóri iðnfræðsluráðs.

Tilgangurinn með heimsókninni var fyrst og fremst sá að athuga aðstöðu þá er fyrir hendi er fyrir tréiðnaðar- og hársnyrtibraut.

Skömmu eftir heimsóknina samþykkti menntamálaráðuneytið starfrækslu þessara brauta.

Fimm aðilar sóttu um stöðu kennara við tréiðnaðarbraut. Árni Gunnarsson, talsmaður menntamálaráðuneytis taldi kennara þeirrar brautar skilyrðislaust verða að vera meistara í tréiðnaðargreinum, ef nemendur ættu að hljóta einhver réttindi út úr námi sínu.

Þeir Stefán Ó. Jónsson og Óskar Guðmundsson voru á sama máli og Árni.

Þetta mat ráðuneytisins og framkvæmdastjóra iðnfræðsluráðs var haft í huga við val kennara við tréiðnaðarbraut.

Fékk Þórir Sigurðsson námsstjóri skýringu á ráðningu kennara við þessa braut skv. framangreindu.

Skólameistari kvaðst vera mjög ánægður með heimsókn þessa og hefðu gestirnir verið ánægðir með þá stefnu er skólinn hefir tekið í iðnfræðslumálum.

III. Dagana 26.-30. ágúst sat Jón Böðvarsson skólameistari ráðstefnu á vegum Evrópuráðs, sem haldin var í Portúgal.

Var hann þar sem fulltrúi menntamálaráðuneytisins.

Efni þessarar ráðstefnu var "Samhæfing almenns- og tæknilegs náms". Var efnisskipan sem hér segir:

1. Þróun þessara mála frá 1974.
2. Staðan í viðkomandi löndum í dag.
3. Framtíðarhorfur til ársins 1980.

Skólameistari kvað fjölbrauta-hugmyndina víðast hvar hafa stungið sér niður, með mismunandi sniði þó. Taldi hann okkur Íslendinga vera 2-3 árum á undan flestum nágrannabjóðum okkar. Sagðist hann hafa kynnt starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja sérstaklega og hefðu margir undrast að unnt skyldi vera að reka slíka stofnun hér í fámenninu.

IV. Byggingamál og fjármál skólans.

Skólanefndin samþykkir eftirfarandi ályktun:

"Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur kynnt sér Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1978. Þar er áætlað að gjaldfallinn stofnkostnaður vegna skólans skuli verða kr. 5.000.000- - fimm milljónir krónur.

Er því ekki gert ráð fyrir neinum byggingaframkvæmdum við skólann á árinu 1978.

Húsnæðismálum skólans er nú svo háttað að í skólahúsnæðinu eru sjö skólastofur - þar af ein mjög lítil, en skólinn leigir 16 kennslustofur á fjórum stöðum í Keflavík og Njarðvík.

Röskir tveir kílómetrar eru á milli þeirra staða sem fjarlægastir eru hvor öðrum. Aðstæður þessar valda ýmiss konar óhagræði í starfsemi skólans.

Stundaskrárgerð reyndist mjög örðug síðastliðið haust, bæði vegna þess að skólinn verður að starfa á fimm stöðum og að kennslustofur eru of fáar.

Aukið leiguhúsnæði er ekki fánlegt. Sá stofufjöldi sem tilgreindur er hér að framan fékkst með því að breyta tækjageymslu í skólastofu og tvískipta einu stóru kennslustofunni sem fékkst leigð í Grunnskóla Keflavíkur við Sunnubraut.

Talsverð kennsla verður að fara fram á laugardögum og eftir kl. 17⁰⁰ á kvöldin. Aðstæður þessar þættu víðast hvar óviðunandi og ljóst má vera að versni ástandið verður skólinn óstarfhæfur.

Gert hefur verið ráð fyrir að nemendum fjölgi um 120 - 150 haustið 1978.

6 - 8 kennslustofur þarf til að taka við þessum nemendum, en þær eru ekki til - hvorki í Keflavík né Njarðvík.

Skólanefndin hefur margsinnis vakið athygli yfirvalda á því öngþveiti sem verður haustið 1978 ef ekki verður a.m.k.

fullgerð önnur hæð núverandi skólahúss. M.a. var samþykkt á 11. fundi skólanefndarinnar 4. maí 1977, eftirfarandi tillaga: "Skólanefnd leggur til að sótt verði um 100 milljón króna fjárveiting úr ríkissjóði til byggingaframkvæmda á árinu 1978.

Framlag sveitarfélaganna yrði þá 66.7 milljónir er þannig skiptast:

Keflavík	34.513.915-
Njarðvík	9.522.759-
Grindavík	9.484.740-
Miðneshreppur	6.037.684-
Gerðahreppur	4.028.680-
Vatnsleysustrandarhr.	2.453.226-
Hafnarhreppur	658.996-

Tillaga þessi var kynnt öllum aðilum er hlut eiga að máli. Skólanefndin fór á fund undirnefndar fjárveitinganefndar og útskýrði rækilega húsnæðisþörfina. Formaður fjárveitinganefndar ráðlagði skólanefndinni að leggja öll gögn fyrir starfsmenn menntamála- og fjármálaráðuneytis (hagsýsludeildar). Það var gert.

Síðan hefur skólameistari rætt við viðkomandi deildarstjóra í báðum ráðuneytum en árangur hefur enginn orðið.

Skólanefndin telur víst að engu fé verði veitt til byggingaframkvæmda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja nema allar sveitastjórnir á Suðurnesjum sendi fjárveitinganefnd eindregna áskorun um að umræddar 100 milljónir verði samþykktar á fjárlögum fyrir árið 1978.

Skólanefndin fer þess á leit að sveitastjórnirnar sendi slíka áskorun."

V. Flugliðabraut:

Björgvin Víglundsson kennari og Skúli J. Sigurðsson deildarstjóri loftferðaeftirlitsins fóru í heimsókn í "Den danske luftfartsskole" í Kaupmannahöfn, til að kanna skipulag, starfsemi og námsefni þess skóla, en hann er af sérfræðingum talinn vera heppilegasta fyrirmynd okkar við stofnun flugliðabrautar, og er það samdóma álit þeirra Björgvins og Skúla.

Fengu þeir jafnframt heimild til þess að endurrita og gefa út kennslugögn hins danska skóla.

Nú þegar liggur fyrir námsskrá fyrir nám þetta og lokið er skipulagningu allri þannig að unnt verður að starfrækja flugliðabraut við F.S. eftir áramót.

Skólanefnd samþykkir að óska eftir heimild menntamálaráðuneytisins til stofnunar þessarar brautar.

VI. Vigdís Gunnarsdóttir hefur verið ráðin að skrifstofu skólans frá 1. sept. að telja, samkvæmt launaflokki B-6.

Fleira var ekki á dagskrá og sleit formaður fundi kl. 23⁴⁰.

Fundarritari.

Freinn Ásgrímsson